

## Stjórnarfundur nr. 5

14. september 2011 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir. Björn Ólafsson tilkynnti seinkun.**

### 1. Erindi frá Vinnuhundadeild - Dagskrá vinnuþróa fyrir starfsárið 2012 A-2538

18.mars:	Bronsmerki og hlýðni I
7.apríl	Bronsmerki og hlýðni I
28./29.apríl	Spor I og II
12./13.maí	Spor I, II og III
26.maí	Bronsmerki og hlýðni I
18.ágúst	Hlýðni I og II
1.september	Spor I,II,III
22.september	Spor I,II og III
6.október	Bronsmerki
12./13.okt	<b>Schnauzerdeild</b> það um að fá að halda Brons, hlýðni I og sporleitarpróf.
20.október	Spor I,II og III

#### Samþykkt

Hringt var til skrifstofu og kvartað yfir að aðeins einn dómari væri til að dæma spor. Spurt var hvort möguleiki er á að fleiri fengju réttindi til að dæma spor þannig að það sé ekki alltaf sá sami sem dæmi.

**Athuga hvort vinnuhundadeild getur farið af stað með hóp sem gæti hugsanlega dæmt sporapróf.**

### 2. Umsókn um deildarsýningar A-2539

1. Cavalierdeild
2. Tvöföld sérsýning, Spítzhunda-, Smáhunda-, Amerísk cocker spaniel- og PMF-deild
3. Deild íslenska fjárhundsins
4. Fjár- og hjarðhundadeild
5. Retrieverdeild – vantar allar upplýsingar m.a. fjárhagsáætlun ofl.

**A-2540**

Samdráttur er í skráningum á sýningar félagsins á þessu ári. Ástandið er það sama í Evrópu og Skandinavíu þar sem þurft hefur að afboða fjölda dómara. Greinilegt er að deildarsýningar HRFÍ á síðasta starfsári, hafa áhrif á fjölda skráninga á föstum sýningum félagsins. Félagsmenn nýta sér ekki allar sýningarnar sem í boði eru. Komið var til móts við félagsmenn þegar alþjóðlegum sýningum var fjölgað um eina á ári. Hundaræktarfélag Íslands hefur nú þegar skipulagt sýningar þrjú ár fram í tímann með tilheyrandi föstum kostnaði og miðað við ofangreint er stjórn HRFÍ sammála um að samþykkja ekki deildarsýningar á næsta ári.

Hundaræktarfélag Ísland mun í tíma tilkynna deildum hvaða sérréttindi væntanlegir dómara hafa þannig að deildir geti auglýst það vel. Stjórn HRFÍ hvetur stjórnarmenn deilda að bjóða upp á opnar sýningar. Slíkar sýningar eru kjörnar til að sýna samstöðu og samvinnu innan deilda, er kjörin þjálfun fyrir hundinn og sýnandann og síðast en ekki síst sem þjálfun fyrir dómaranema og fyrir væntanlega dómara félagsins.

### 3. Alþjóðleg hundasýning 28.-29. ágúst – Þakkir frá dómurum

#### Frá Carlos:

Dear. Vala  
It was a real pleasure  
to meet you.  
I enjoid the  
show.....and all of  
you  
All my best for  
everybody.....love.  
.....Carlos

#### Frá Monique:

Dear Vala ,  
I Have to thank " YOU"  
for the fantastic and  
Great W- End in  
ICELAND ! EXELLENT  
SHOW , CAN  
COMPEET OVER  
THE WORLD !!  
CONGRATULATIONS  
!!

It was also a total new  
experience we had in  
Your BEAUTIFULL  
COUNTRY !!! that we  
enjoyed very much  
Kisses ,  
Monique

#### Frá Jos De Cuyper

Dear Valgerdur,  
It was realy a pleasure  
to judge the Show.  
As I told in my  
interview ( that's a  
splendid idea ),  
everything was very  
well orgenized.  
I enjoyed the people in  
my ring: very well  
trained, very  
interested. I think we  
had a good time in the  
ring. And... I was

falling in love with the  
country and the  
people. I will surely  
come back.  
Best regards, hoping  
to see you soon.  
Jos

#### Frá Per

Dear Vala,  
Yes, it was a great  
experience and I  
enjoyed it very much.  
Many thanks for  
inviting med.

#### Frá Korneliju:

Dear Vala,  
thank you for the  
show, for your big  
hospitality and for  
possibility to see your  
nice country.  
Sincerely, Kornelija.

### 4. Fulltrúaráðsfundur 28. september kl. 19:30

Dagskrá fundarins:

1. Stefnumótunarteymi – upplýsingar
2. Fréttir frá viðburða- og skemmtinefnd
3. Fréttir frá stjórn og skrifstofu
4. Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
5. Önnur mál

### 5. Skýrsla frá fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum Retrieverdeildar nr.201107 & 08 & 09

**A-2541**

Undirritaður gegndi starfi fulltrúa HRFÍ á tveimur veiðiprófum Retrieverdeildar sem haldin voru um verslunarmannahelgina s.l. Prófin voru upphaflega staðsett á Hunkubökkum í grennd við Kirkjubæjarklaustur eins og hefð er, en vegna ösku í kjölfar Grímsvatnagoss, seinkunnar á túnslætti og óvissu um samgöngur vegna brúarsmíði var prófið flutt með stuttum fyrirvara að Húsafelli í Borgarfirði. Þessi nýja staðsetning mæltist vel fyrir og þátttaka var framar björtustu vonum.

Alls voru 22 skráningar báða daga, en hámarksfjöldi fyrir einn dómara eru 16 hundar á dag. Því var brugðið á það ráð að bjóða 11 þátttakendum í byrjendaflokki að taka þátt annan daginn af tveimur en þátttakandi frá Akureyri fékk að taka þátt báða daga. Einungis einn þátttakandi í byrjendaflokki heltist úr lestinni. Því voru sex skráningar hvorn dag. Í opnum flokki voru 5 hundar skráðir hvorn dag en 6 í úrvals. Einn hundur í opnum flokki gat aðeins verið með fyrri dag (Seiglu Abel Nói) og einn í hundur úrvalsflokki mætti ekki til leiks báða prófdaga sökum meiðsla (Suðurhjara Atlas).

Próf 201107 var haldið við Sílatjörn við Gilsbakka á Hvítársíðu laugardaginn 30. júlí en próf 201108 var haldið við lindir í Odda við Húsafell sunnudaginn 31. júlí. Prófstjóri fyrri daginn var Þorsteinn Birgisson en seinni daginn Heiðar G. Sveinsson. Prófdómari báða daga var Morten Kjelland frá Noregi. Framkvæmd prófa báða daga var til fyrirmyndar og gekk snurðulaust fyrir sig og eiga prófstjórar og starfsmenn þeirra hrós skilið fyrir framúrskarandi vinnu. Prófdómari setti upp krefjandi en óvenjuleg og skemmtileg próf báða daga. Hann nýtti allan einkunnaskalann báða daga sem er merki um að próf sé gott.

Bestu hundar fyrri dag voru í BFL Ljósavíkur Tinna (stjórnandi Ásmundur Ísak Jónsson), í OFL Kolkuós Jökla Nótt (stjórnandi Sigurmon Marvin Hreinsson) og í ÚFL-B Copperbirch Montanus (stjórnandi Þorsteinn Birgisson).

Seinni dag var Muggur hlutskarpastur í BFL (stjórnandi Snorri Guðmundsson), í OFL Kolkuós Jökla Nótt (stjórnandi Sigurmon Marvin Hreinsson), hún fékk jafnframt heiðursviðurkenningu. Í ÚFL-B var Hvar er fuglinn Klara hlutskörpust (stjórnandi Guðmundur Ragnarsson). Klara vann jafnframt Retrieverbikarinn (gefinn af Kolkósræktuninni) annað árið í röð sem besti hundur seinni daginn.

Fulltrúi varð ekki var við neina óánægju með framkvæmd þessara prófa og engar kvartanir eða kærur bárust frá þátttakendum.

Vegna þess að þátttakendum í byrjendaflokki var einungis boðin þátttaka annan prófdag af tveimur eiga 10 aðilar inni greiðslu fyrir annan prófdaginn. Sú hugmynd hefur verið viðruð að bjóða uppá aukapróf nú haustið 2011 til þess að leyfa þessum aðilum að nota inneign sína.

Virðingarfyllst,

Guðmundur A. Guðmundsson

### **Veiðipróf nr. 201109**

Undirritaður fékk undanþágu til að gegna hlutverki fulltrúa HRFÍ á veiðiprófi Retrieverdeildar HRFÍ nr. 201109 við Draugatjörn 27.08.2011.

Í heildina voru skráðir 9 labradorar á prófið. 2 mættu ekki vegna meiðsla og magakveisu. 7 tóku þátt og allir fengu einkun. Besti hundur í BFL var Ljósavíkur Assa, besti hundur í OFL var Suðurhjara Aría Delta, besti hundur í ÚVFL var Hvar er fuglinn Klara.

Prófið gekk mjög vel fyrir sig og komu ekki upp nein deilumál.

Dómari var Dagur Jónsson og prófstjóri var Heiðar Sveinsson

Virðingarfyllst,

Ingólfur Guðmundsson

### **6. Sólheimakot – Fulltrúi frá Mosfellsbæ og HRFÍ skoðuðu húseignir á Sólheimakoti**

Þorgeir Þorgeirsson umsjónarmaður Eignarsjóðs Mosfellsbæjar og Valgerður Júlíusdóttir skoðuðu húseignir á Sólheimakoti fimmtudaginn 8. september. Vatnslaust var í Sólheimakoti en búið var að taka dæluna úr sambandi. Prófað var að setja dæluna af stað en mikill hávaði kom frá dælunni sem virðist vera ónýtt. Þannig að húsið er óupphitað og ekkert vatn er á húsinu nema dælan sé sett í gang. Greinilegur leki er við strompinn, loftplötur þar ónýtar og parket á gólfi í eldhúsi fyrir utan ísskáp. Að utan er búið að brjóta spítu við inngang, þak virðist vera ónýtt þar sem allar skrifur eru ryðgaðar. Mála þarf hús, glugga og gera við þak. Ekki var kíkt sérstaklega á rotþró en Þorgeir var ekki viss um að það þyrfti að dæla reglulega úr henni vegna lítillar notkunar. Litið var á útihús og refaskemmu sem er ógeðsleg og ónothæf. Vegur þokkalega góður. Þorgeir ætlar að gera skýrslu um ástandið á húseignum á Sólheimakoti og senda Valgerði. Valgerður hefur nú þegar útbúið skýrslu um starfsemi HRFÍ og verða skýrslunar báðar sendar til Mosfellsbæjar. Mikill kostnaður er að lagfæra Sólheimakot og koma vatni í lag en ekki er langt síðan HRFÍ keypti nýja dælu.

### **7. Dagur Hvíta stafsins**

**A-2142**

Kæra Stjórn HRFÍ.

Víkuna 8. til 15. október 2011 er alþjóðleg sjónverndarvika sem haldin er hátíðleg, um allan heim. Viku þessari lýkur með degi hvíta stafsins þann 15. október, alþjóðlegum baráttudegi blindra og sjónskertra einstaklinga. Þennan dag nota blindir og sjónskertir til að vekja athygli á málstað sínum og m.a. til að kynna hvíta stafinn.

Hvíti stafurinn er mikilvægt og öflugt hjálpartæki sem stuðlar að auknu sjálfstæði og öryggi blindra og sjónskertra einstaklinga og gefur þeim færi á að ferðast um og kynnast umhverfi sínu. Hann gefur sjáandi vegfarendum til kynna að notandi hans sé sjónskertur eða blindur og upplifi því umhverfið og umferðina ekki á sama hátt og sjáandi vegfarandi.

Til að vekja athygli á degi hvíta stafsins, og fyrir hvað hann stendur, munu Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi og Þjónustu - og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, standa fyrir dagskrá í húsi Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17 laugardagin 15 Okt, dagskráin hefst kl 13:00. Þátttakendum gefst kostur á að leysa ýmiss verkfæri einsog að ganga blindandi gegnum hindranir með staf og einnig með leiðsöguhund.

Á þessum degi ætla Þjónustu - og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga að kynna hundana okkar og þeirra starf. Mikið verður lagt í hundana þetta árið og viljum við að hundarnir verði sýnilegir og fólki gefin kostur að kynnast þeim og þeirra starfi. Vonumst til að sjá ykkur

Kær Kveðja

Drífa Gestsdóttir

**Fulltrúi/ar stjórnar mæta á dag hvíta stafsins laugardaginn 15. október.**

## **8. Erindi frá Retrivedeild - Tillaga um breytingar á kröfum um ættbókarskráningar Retrieverhunda**

**A-2543**

Ræktunarstjórn Retrieverdeildar leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kröfum til ættbókarfærslu á Retrieverhundum :

### **Frá og með 1. júní 2012 gilda eftirfarandi breytingar á kröfum um ættbókarskráningu:**

1. Sé PRA beri notaður til ræktunar skal DNA prófa alla hvolpa úr viðkomandi goti fyrir PRA áður en þeir eru ættbókarskráðir.

2. Hafi ræktunardýr eða annað eða báðir foreldrar ræktunardýrs greinst með arfgengan augnsjúkdóm má ekki para það við annað ræktunardýr með sama sjúkdóm eða hvers foreldri hefur greinst með sama sjúkdóm.

Rökstuðningur :

1. Nær allir arfgengir augnsjúkdómar hafa víkjandi erfðir og því eru afkomendur sýkra einstaklinga allir berar. Að meðaltali er helmingur afkomenda bera víkjandi meingens berar. Til að kortleggja fjölda PRA bera í stofninum leggjum við til að allir hvolpar undan PRA berum séu DNA prófaðir áður en ættbók er gefin út. Það er réttur hvolpakaupenda að vita hvort hvolpar sem þeir kaupa eru berar fyrir PRA og þá hvort einhverjar takmarkanir verði á því að nota þá í ræktun í framtíðinni. Retrieverdeildin mælir ekki með notkun PRA bera í ræktun og nógildandi reglur banna þörun þeirra við aðra bera.

2. Til að minnka líkur á því að foreldrar beri augnsjúkdóma í hvolpa sína, leggjum við til að ekki megi para ræktunardýr sem hefur augnsjúkdóm eða þar sem annað eða báðir foreldrar ræktunardýrs hafi greinst með arfgengan augnsjúkdóm við annað ræktunardýr með sama sjúkdóm eða hvers foreldri hefur greinst með sama sjúkdóm.

### **Sérreglur fyrir retrieverhunda mundu þá hljóða svo í heild sinni:**

Augnottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun (gildir frá 1. nóvember 1999). *Hafi ræktunardýr eða annað eða báðir foreldrar ræktunardýrs greinst með arfgengan augnsjúkdóm má ekki para það við annað ræktunardýr með sama sjúkdóm eða hvers foreldri hefur greinst með sama sjúkdóm nema fyrir liggja viðurkennt erfðapróf um að annað eða bæði ræktunardýr séu laus við sjúkdóminn (gildir frá 1. júní 2012).*

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun (gildir frá 1. nóvember 1999). Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók (gildir frá 1. júní 2010).

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). *Sé PRA beri notaður til ræktunar skal DNA prófa alla hvolpa úr viðkomandi goti fyrir PRA áður en þeir eru ættbókarskráðir (gildir frá 1. júní 2012).*

**Sammála að vísa ofangreindu máli til vísindaráðs.**

## **9. Byrjenda- og framhaldsræktunarnámskeið (anatomy and judging) 3.- 5. nóvember – Leiðbeinandi er Hans-Áke Sperne frá Svíþjóð.**

**Framhaldsræktunarnámskeið** (anatomy and judging) verður haldið í Sólheimakoti fimmtudaginn 3. nóvember:

*Fimmtudagur 3. nóvember*

17:00-18:00 Námskeið byrjar

19:00 Hlé

21:00 – 22:00 Námskeiðslok

Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með nesti. Vinsamlegast staðfestið skráningu sem fyrst á skrifstofu HRFÍ eða á [hrfi@hrfi.is](mailto:hrfi@hrfi.is)

**Byrjendaræktunarnámskeið** (anatomy and judging) verður haldið í Sólheimakoti 4. -5. nóvember:

*Föstudagur 4. nóvember*

Kl.17:00 Námskeið byrjar

Kl. 19:00 Hlé

Kl. 21:00-21:30 Námskeiðslok

*Laugardagur 5. nóvember*

Kl.10:00 Námskeið byrjar stundvíslega

Kl.11:30 Kaffihlé

Kl.13:30 – 15:00 Námskeiðslok

Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með nesti. Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst á skrifstofu HRFÍ eða á [hrfi@hrfi.is](mailto:hrfi@hrfi.is)

Námskeiðsgjald kr.4.500.-

Mappa með námskeiðsgögnum verður afhent þátttakendum fyrir námskeiðið.

## **10. Val á afreks- og þjónustuhundi ársins -skilafrestur framlengdur til 26. september**

Á nóvembersýningu HRFÍ, ár hvert er afreks- og þjónustuhundar ársins heiðraðir. Leitað er eftir tilnefningum í þessa samkeppni. Með tilnefningunni þarf að fylgja frásögn um hundinn og góðverk hans ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum s.s. nafn hans, aldur, nafn eiganda, nafn sendanda, o.s.frv. Ekki eru gerðar kröfur um að hundurinn sé hreinræktaður. Allar tilnefningar eru vel þegnar jafnvel þó langt sé um liðið. Margar frásagnir eru til af hetjudáðum „besta vinar mannsins” sem hafa snortið hjörtu okkar. Til að taka þátt í vali um afrekshund ársins þarf hundurinn með einhverjum hætti að hafa komið að björgun manna og/eða dýra, liðsinnt fötluðum eða veikum einstaklingum eða verið til uppörvunar og hjálpar á einn eða annan hátt. Undir heitið þjónustuhundur ársins tilheyra þeir hundar sem vinna allan ársins hring að þjónustu í samfélaginu. Þar má nefna lögreglu- fíkniefna- toll- björgunarhunda o.s.frv. Tilnefningar skal senda með pósti til skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15, 108 Reykjavík eða með tölvupósti, netfang: [hrfi@hrfi.is](mailto:hrfi@hrfi.is).

Þjónustuhundur – Auður Sif kannar, afrekshundur – Guðríður kannar

## **11. Kynningabás á Hund 2010 í Stokkhólmi 10.-11. desember**

Sænska hundaræktarfélagið skipuleggur í ár Nordic Winner Show og býður öllum hundaræktarfélögum að vera með kynningarbás á sýningunni. Þema sýningarinnar er 100 ára afmæli FCI. Tilkynna þarf þátttöku fyrir 30. september.

Á sömu sýningu fara fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins og keppa í liðakeppni ungra sýnenda.

## **12. Önnur mál**

1. Skapgerðarmat

2. Keppni ungra sýnenda á Euro Dog Show í Leewarden í Hollandi 1. -4. september. Þórkátla Lunddal Friðriksdóttir keppti fyrir hönd HRFÍ í final á sunnudeginum og var valin í sex manna úrslit. Frábær árangur hjá Þórkötlu sem fékk lánaðan beagle hjá

Hugo Quevedo. Hugo aðstoðaði Þórkötlunni og leiðbeindi fyrir keppnina, hann hefur dæmt og verið með námskeið hjá okkur, fyrir unga sýnendur.

3. Sámur – Blaðið kemur út í lok næstu viku.
4. Laugavegsganga 1. október
5. Auglýsa hvolpa til sölu á vefsíðu HRFÍ
6. Setja auglýsingu í Fréttablaðið á föstudögum og laugardögum.

**Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 28. september kl.16:30.**

**Valgerður Júlíusdóttir, ritaði**

***Sign:* Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.**